Fornleifaskráning í Bolungarvík
Lokaskýrsla

Ragnar Edvardsson



Fornleifastofnun Íslands
FS120-96023

Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 5511033
Fax: 5511047

Efnisyfirlit

1.Inngangur.....4
2. Um forleifaskráningu.....4
3. Byggðarsaga.....8
4. Skrá yfir minjar í Skálavík.....10
5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu.....32
6. Teikningar.....34
7. Heimildaskrá.....40
8. Korta og myndaskrá.....40

1. Inngangur

Hér birtist lokaskýrsla um fornleifaskráningu í Bolungarvík. Vettvangsvinnan var unnin sumrin 1996 – 1999. Áætlað var að ljúka skýrsluskrifum haustið 1999 en sakir anna reyndist það ekki unnt. Lokaskýrslan var unnin sumarið og haustið 2000.

Í þessari skýrslu birtist fornleifaskrá yfir jarðirnar í Skálavík, Meiri- og Minni Bakki, Breiðaból, Kroppstaðir og Meira- og Minna Hraun.


Í skýrslunni er einnig að finna yfirlit um löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar. Þetta er gert í því skyni að sveitastjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar við minjavernd og aðrar framkvæmdir, s.s. skipulag og ferðaþjónustu. Greint er frá byggðarsögu Skálavíkur í stuttu máli. Síðan er birt fornleifaskrá yfir þá staði sem voru kannaðir sumrin 1998 og 1999. Loks eru dregin saman megin einkenni byggðar og fornleifa á skráningarsvæðinu.

Við skráninguna var sömu aðferðum beitt og hefur verið gert árin áður. Ragnar Edvardsson sá um heimildakönnun, vettvangsathugun og frágang skýrslu. Colin Amundsen og Christian Keller aðstoðuðu á vettvangi sumarið 1999. Sérstakar þakkir fær Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri Bolungarvíkur fyrir einstaka þolinmæði. Allir þeir sem rætt var við um Skálavík fá einnig sérstakar þakkir.

2. Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning hófst í byrjun 19. aldar en það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1980 að skipuleg fornleifaskráning hófst á Íslandi. Í fyrstu voru eingöngu skráðar minjar sem taldar

voru hafa sögulegt gildi eða tengdust fornsögunum. Skoðun manna á því hvað eru fornminjar



Kort 1. Rannsóknarsvæðið.

hafa breyst mikið á síðustu árum og áratugum og nú er svo komið að byggingar sem áður voru ekki taldar hafa neitt menningarlegt gildi eru nú taldar minjar um horfna lífshætti.


Skilningur manna á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um minjastaði og vernda þá fyrir komandi kynslóðir hefur stóraukist á undanförnum árum. Til að fá heildarmynd af gerð og ástandi fornminja í landinu verður skipulögð fornleifaskráning að koma til.

Á síðustu árum hefur Fornleifastofnun Íslands unnið með og þróað aðferðir við fornleifaskráningu. Stofnunin hefur nú undir höndum stærsta gagnagrunn um menningarminjar á Íslandi. Fornleifaskráningin hefur fyrst og fremst verið unnin fyrir og í samvinnu við sveitarfélög og stofnanir þeirra.

Fornleifaskráningu er skipt í þrjú stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu, svæðis-, aðal-, og deiliskipulag. Svæðisskráning felst í söfnun heimilda um fornleifar á tilteknu svæði og öflun annara gagna sem geta gefið vísbendingu um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á stóru svæði, t.d. heilu sveitarfélagi, sýslu eða héraði. Með svæðisskráningu er reynt að finna og skilgreina svæði og aðra staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og er þeirri skráningu ætlað að vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Í 18. grein þjóðminjalaga kemur fram að skylt sé "að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess..." Helstu hagsmunir sveitarfélaga liggja í því að koma í veg fyrir að fornminjar verði fyrir skemmdum við ýmiskonar framkvæmdir. Í 21. grein þjóðminjalaga kemur fram að þeim sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum beri að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Þetta atriði eitt og sér rennir styrkum stoðum undir nauðsyn fornleifaskráningar því með skipulegri skráningu er hægt að finna og staðsetja fornminjar áður en kemur að jarðraski og spara þar með verulegar fjárhæðir. Fyrir utan þetta atriði eykst nú skilningur á möguleikum á að nýta upplýsingar um menningarminjar í ferðaþjónustu, en til þess að það sé hægt verða að vera til heildstæðar upplýsingar um ástand fornleifa og staðsetningu.

Í 16. grein þjóðminjalaga er eftirfarandi skilgreining á því hverskonar minjar teljast til fornleifa, og er hún lögð til grundvallar í fornleifaskráningu:



Kort2. Helstu örnefni í Skálavík.

a. byggðarleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðarleifar í hellum og skútum.

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c Gömul tún, akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. Gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnavöð, varir, hafnir og bátalagi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur vegsummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarsiðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minar 100 ára og eldri til fornleifa.

Á þessu sést að fornleifar eru ekki einungis forn mannvirki heldur einnig staðir sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum. Við fornleifaskráningu er þessari víðu skilgreiningu fylgt og staðir eins og orrustustaðir skráðir, og einnig staðir sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands. Dæmi um slíkt eru staðir þar sem draugum var komið fyrir eða þar sem þeir eiga að hafa haldið til.


Þó miðað sé við mannvistaraleifar sem eru 100 ára eða eldri er í raun stuðst við víðari skilgreiningu við skráninguna. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, fiskplön, áveituskurðir og einnig minjar sem tengjast seinni heimsstyrjöldinni, veru setuliðsins og famkvæmdum á vegum þess.

3. Byggðarsaga í Skálavík

Í u.þ.b. fimm kílómetra fjarlægð frá Bolungarvík er lítill dalur sem nær í sjó fram og heitir hann Skálavík. Í Skálavík eru 6 jarðir; Meiri- og Minni- Bakki, Breiðaból, Kroppstaðir og Meira- og Minna- Hraun. Áður var mikil byggð í dalnum en nú er enginn búskapur stundaður í Skálavík. Jarðirnar í Skálavík koma ekki oft fyrir í heimildum. Skálavíkur er getið í Landnámu en þar segir að Hallvarður Súgandi hafi númið land í Skálavík og hafi Súgandafjörður verið hluti landnáms hans. Líklegt er að hann hafi búið á Breiðabóli í Skálavík.[1] Því má ætla að Breiðaból sé landnámsjörðin í dalnum og aðrar jarðir hafi svo skipst út frá henni. Flestar jarðanna hafa sennilega skipst úr Breiðabólslandinu fyrir

[1] Ísl.sögur. I.bindi, bls 109.

1350. Næst er Skálavíkur getið í heimildum frá 1363 og svo 1378 í máldaga Jónskirkju Skírara undir Núpi í Dýrafirði[2]. Einnig kemur Skálavík fyrir í heimild frá 1509.[3]



Kort 3. Jarðir í Skálavík


Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 eru sex jarðir taldar í Skálavík, allar í byggð nema Kroppstaðir. Í landi Minnibakka voru um 1710 rústir mikilla verbúða en þær höfðu legið lengi í eyði. Árið 1710 réri enginn frá Skálavík nema innbyggjendur. Sennilegt er að fyrir 17. öld hafi verið blómlegt útræði frá Skálavík og að menn hafi komið víðsvegar að. Af einhverjum ástæðum leggst síðan útræðið af.[4]

Á 19. öld fjölgar íbúum í Skálavík og í um aldamótin 1900 bjuggu þar um 85 manns. Fólksfjölgun heldur áfram á fyrsta áratug 19. aldarinnar en eftir það fækkar þeim stöðugt og um 1960 leggst byggðin af.

[2] D.I. III. 330
[3] D.I.VIII. 286

4. Skrá yfir fornleifar

Í skráningarkerfi Fornleifstofnunnar hefur hver skýrsla skammstafað heiti og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðarskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og eru jarðir tölusettar eins og þar. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er með hvaða jörð ákveðnir minjastaðir eru taldir. Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ís-121:001). Fornleifaskráin hefst á yfirliti yfir stærð jarðarinnar eins og hún er í jarðatali Johnsens og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1701-1712. Síðan er getið um elstu heimildir um jörðina og loks stærð túna eins og hún er á túnakortum frá 1917-1918.



Kort 4. Landamerki jarða í Skálavík

Í skránni eru minjum gefin númer og er venjan að bæjarstæðinu sé gefið fyrsta númerið. Minjarnar eru flokkaðar eftir tegund og hlutverki. Þar sem er getið um heimild er átt

við að eingöngu hafi fundist heimildir um staðinn en ekkert hafi fundist á vettvangi. Við vettvangskönnun er gefin hnattstaða í gráðum og mínútum og er hún eingöngu tekin ef minjarnar eru greinilegar eða hægt er að staðsetja þær á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Lýsingu á hverjum minjastað fylgir leiðarvísir á staðinn. Þá eru taldar þær heimildir sem stuðst var við, oft skammstafaðar, en upplýsingar um hverja heimild er að finna í heimildarskrá aftast í skýrslunni.

ÍS-121 Meiri-Bakki


Jarðdýrleiki 12 hundruð. Tvíbýli árið 1710. Nægur mór til eldiviðar og reka á jörðin fyrir sínu landi. Fé beitt í fjöru. (Á.M. VII, 140-141). Í jarðabók Johnsens er einn ábúandi (Johnsen, 197). Flest tún Meiribakka hafa verið sléttuð. Engin búskapur er nú á Meiri Bakka. Tvö sumarhús hafa verið reist á bæjarstæðinu.

ÍS-121:001 *Bæjarhóll* bæjarhóll býli 66°10803N 23°28693V

"Bæjarhóll er fyrir framan sumarbústaðinn, þ.e. Fjær sjó en hann." Grösug tún
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins. Túnakort 1918

ÍS-121:002 örnefni sel

"Seljahryggir eru eftir að komið er niður í dalinn, niður fyrir hlíðina. Niðurundan hryggjunum og heimar en þeir eru Seljaurðir og smálækjarsprænur í þeim heita Seljalækir. Þarna á dalnum hefur áður verið sel, og sjást seltóftir þar enn." [örnf. Þjms]
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins



Kort 5. Fornleifar í landi Meiribakka.

ÍS-121:003 *Stekkur* örnefni stekkur

"Á Hjallholti var áður stekkur og einhverntíma var búið þar" [örnf.Þjms]
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-121:004 *Ytribær* örnefni bústaður

"Ytribær, er nú sést ekki fyrir lengur, stóð á brekkunni fyrir ofan Bergshundruð, á Bæjarhól, og
lækur skarst í milli hans og Fremribæjar."
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-121:005 *Fremribær* örnefni bústaður

"Ytribær, er nú sést ekki fyrir lengur, stóð á brekkunni fyrir ofan Bergshundruð, á Bæjarhól, og
lækur skarst í milli hans og Fremribæjar."
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-121:006 *Gvendarhús* örnefni bústaður

"Grasflöt frammi á bökkum næst sjó, vestur af Hreggnasa var kölluð Gvendarstykki kennd við mann, sem Guðmundur hét, og átti þar hús, Gvendarhús."
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-121:007 *Grundarbær* örnefni bústaður

Á flöt fyrir ofan bæinn, úti í túnhorninu, stóð bær, sem hét Grundarbær."
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-121:008 *Ásgerðarbúð* örnefni bústaður

"..., og heitir það Ásgerðarbúð. Þar sem skýlið stendur, var nokkuð stór tóft. Þarna var áður bátauppsátur og rekin hákarlaverstöð og lýsisbræsla." Við sjávarbakkann. Skýlið hefur verið sett í tóftina svo ekki sést til.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-121:009 tóft stekkur 66°10656N 23°99463V

Farið er að Meiribakka. Suðvestur af bænum upp í fjallshlíðinni fyrir ofan fjöruna. Votlendi. Ferhyrnd rúst
Hættumat: hætta vegna skriðufalla

ÍS-121:010 náma mógrafir 66°10616N 23°29186V

Beint upp af bænum í fjalshlíðinni fyrir ofan. Mýri. Óregluleg lögun.

Hættumat: engin hætta

ÍS-121:011 tóft óþekkt 66°10628N 23°29212V

Beint upp af bænum við hliðina á 10. Grasigróin hlíð rétt við mýrarfláka.Ferhyrnd rúst
Hættumat: engin hætta

ÍS-121:012 tóft óþekkt 66°10690N 23°29291V

Suðvestur frá bænum rétt fyrir ofan sjávarkambinn. Grösug brekka. Óregluleg
Hættumat: engin hætta

ÍS-121:013 tóft óþekkt 66°10697N 23°29091V

Vestur af bænum og upp standa nokkrar rústir í þéttum hóp, þessi er syðst. Þýft graslendi fyrir ofan bæinn. Óregluleg
Hættumat:engin hætta

ÍS-121:014 tóft óþekkt 66°10709N 23°29081V

Í vestur frá bænum. Þar standa nokkrar rústir í þyrpingu. Þýft graslendi fyrir ofan bæinn. Ferhyrnd
Hættumat: engin hætta

ÍS-121:015 tóft óþekkt 66°10738N 23°29090V

Vestur af bænum við sjávarsíðuna. Nokkrar rústir í hóp. Grasi gróið þýft svæði á fjörukambi. Ferhyrnd rúst
Hættumat: hætta

ÍS-121:016 tóft óþekkt 66°10712N 23°28985V

Í suðvestur frá bænum. Grasi gróin brekka. Ferhyrnd rúst
Hættumat:hætta

ÍS-121:017 tóft óþekkt 66°10743N 23°28895V
Beint upp af bænum. Grasi gróin brekka. Ferhyrnd rúst
Hættumat: engin hætta

ÍS-121:018 tóft óþekkt 66°10732N 23°28918V

Upp af bænum rétt vestan við blátt tvílyft einbýlishús. Grasi gróið svæði við læk. Ferhyrnd
Hættumat: engin hætta

ÍS-122 Minni-bakki

Jarðýrleiki 6 hundruð. Jörðin talin fimmti hluti úr jörð Breiðabóls og eiga þær sameiginlega


úthaga. Einn ábúandi. Jörðin á sameiginlegan reka og hvalreka með Breiðabóli. Heimræði og skipsuppsátur. Selstöðu á jörðin í landi Breiðabóls. (Á.M.VII, 144) Öll tún Minni-Bakka hafa verið sléttuð. Engin búskapur er nú á Minni-Bakka.

ÍS-122:001 bæjarhóll býli 66°10966N 23°28451V

Farið er eftir Skálavíkurveginum þar til hann endar við Minnibakka. Hús stendur á gamla bæjarstæðinu.
Heimildir: Örnefnaskrá þjóðminjasafnsins. Túnakort 1918

ÍS-122:002 *Móar* örnefni útihús

"Enn er farið inn á merki. Fram við Breiðabólsgirðingu eru grasmóar, sem kallaðir voru Móar. Þar voru skepnuhús." Nákvæm staðsetning óviss. Tún
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins



Kort 6. Fornleifar í landi Minnibakka.

ÍS-122:003 *Blómsturvellir* örnefni bústaður

"Efst og fremst í túni á Minnibakka var afgirt svæði, og þar var lítið býli, sem hét Blómsturvellir." Sumarbústaður stendur nú á svipuðum slóðum og þetta býli og ber sama nafn. Nákvæm staðsetning óviss.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-122:004 *Kothús* örnefni bústaður

"Niðri við ána, niður af Blómsturvöllum, er lítill hóll og á honum tóftir, og er það nefnt Kothús." Nákvæm staðsetning óviss. Sléttað tún.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-122:005 *Lambhústún* örnefni útihús

"Þetta er fyrir neðan götuna, sem liggur niður að ánni og að brúnni, sem þar er. Beint upp af þessu svæði eru enn sýnilegar tóftir. Þar var lambhús, og hét Lambhústún í kring." Nákvæm staðsetning óviss. Sléttað tún
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-122:006 örnefni Öskuhaugur 66°10967N 23°28385V

"Aðeins ofan til við hólinn, sem Gamlibær stóð á, er lítill hóll gamall yfirgróinn öskuhaugur." Nv af bænum í u.þ.b. 150 m fjarlægð. Milli bæjarlæks og vegar. Grösugur hóll.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-122:007 *Hlöðutún* örnefni fjárhús

"Neðan til við Sandhól voru gömul fjárhús á hól, og hefur þar líklega heitið Hlöðutún. Að sögn
Ebenezers var neðsti hluti Sandhólsins kallaður Krær eða eða Krór. Þar voru beitarhúsin." Nákvæm staðsetning óviss.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-122:008 *Krær* örnefni útihús

"Neðan til við Sandhól voru gömul fjárhús á hól, og hefur þar líklega heitið Hlöðutún. Að sögn
Ebenezers var neðsti hluti Sandhólsins kallaður Krær eða eða Krór. Þar voru beitarhúsin." Nákvæm staðsetning óviss.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-122:009 *Bensatóftir* örnefni bústaður

Heimst í Landinu, en utan við tún sjást tóftir, sem kallaðar eru Bensatóftir. Þar bjó um skeið Benedikt Bjarnason, sem áður bjó á Minnibakka." Nákvæm staðsetning óviss.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-122:010 *Vörin* örnefni lending 66°11121N 23°28674V

"Landið í kringum lendinguna var kallað Malir eða Skálavíkurmalir. Þar hefur sést móta fyrir einni vör fram að þessu. Þær munu hafa verið fleiri, en ekki sést fyrir þeim nú. Þær voru heimar með Landinu, en lendingin, eða Vörin, sem nú sést, er um miðjar malirnar." Fjara.

Ekki sést móta fyrir neinni vör.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-122:011 *Gamli bær* bæjarstæði býli 66°10937N 23°28468V

"Gömul tóft er á Sandhól. Mitt á milli bæjarhússins, sem nú stendur, og Lambhústúns mun hafa
verið Gamlibær, elsta bæjarstæðið." S af bænum í u.þ.b. 10 m fjarlægð. Grösugur hóll suður af bænum.
Heimildir: Örnefnaskrá þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:012 heimild útihús 66°10919N 23°28453V

Suður af bænum í u.þ.b. 200 m fjarlægð frá núverandi bæjarstæði. Tún
Heimildir: Túnakort frá 1918

ÍS-122:013 tóft verbúð 66°11190N 23°28693V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Ferhyrnd
U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Fyrsta skráða búðin er
fjærst Minnibakka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:014 tóft verbúð 66°11157N 23°28699V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Ferhyrnd. U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 13.
Hættumat:engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:015 tóft verbúð 66°11165N 23°28754V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Ferhyrnd. Helmingur tóftarinnar er skemmdur. U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 14.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:016 tóft verbúð 66°11173N 23°28719V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Ferhyrnd. U.þ.b.

14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 15.
Hættumat:engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:017 tóft verbúð 66°11164N 23°28679V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Ferhyrnd. U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 16.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:018 mannvirki gangspil 66°11147N 23°28711V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða og annara verminja. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Hringlaga pallur úr grjóti og stendur spil úr tré ofan á honum. U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 17.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:019 mannvirki gangspil 66°11108N 23°28595V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða og annara verminja. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Hringlaga pallur úr grjóti sem hafa verið undirstöður undir tréspil. U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 18.
Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:020 tóft verbúð 66°11112N 23°28641V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða og annara verminja. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Óregluleg rúst. U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við gangspilin nær Minnibakka.
Hættumat:engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:021 tóft verbúð 66°11107N 23°28612V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða og annara verminja. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Ferhyrnd þríhólfa rúst. U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 20, nær Minnibakka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:022 tóft verbúð 66°11087N 23°28589V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða og annara verminja. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. Ferhyrnd rúst. U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 21, nær Minnibakka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:023 tóft verbúð 66°11059N 23°28642V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða og annara verminja. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar.
Ferhyrnd rúst U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 22, nær Minnibakka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:024 tóft verbúð 66°011057N 23°26572V

Farið er að Minnibakka. Síðan er farið í NV eftir fjörunni. Á bakkanum fyrir ofan fjöruna eru rústir verbúða og annara verminja. Grösugir bakkar fyrir ofan fjöru. Mýri er fyrir ofan tóftirnar. óregluleg. U.þ.b. 14 verminjar eru á bökkunum. Rústirnar voru skráðar frá Nv til Sa. Þessi er suðaustan við 22, nær Minnibakka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-122:025 tóft kvíar 66°11107N23°28422V

NNV frá bænum beint upp af fjörunni. Lítil rúst vestan við sumarbústaðinn. Í túni við fjallsrætur. Ferhyrnd rúst.
Hættumat: engin hætta

ÍS-122:026 tóft fjárhús 66°11053N23°28586V

NNV frá núverandi bæjarstæði rétt vestan við sumarbústaðinn. Tún. Ferhyrnd tóft með þrem hólfum.
Hættumat: engin hætta

ÍS-122:027 tóft óþekkt

Beint upp af bænum undir fjallshlíð. Bæjarlæknum er fylgt upp hlíðina. NV við lækinn. Hlíð. Þríhólfa rúst.
Hættumat: Engin hætta

ÍS-122:028 heimild útihús

Ekki hægt að staðsetja með vissu Sléttað tún
Heimildir: Túnakort frá 1918

ÍS-122:029 tóft óþekkt 66°10952N 23°28289V

Farið er eftir veginum að Minnibakka. Rétt áður en komið er að núverandi bæjarstæði eru tveir
grösugir hólar. Minni hóllinn er nr 30. Í túnjaðri Tveir grösugir hólar. Ógreglulegir.
Hættumat: engin hætta

ÍS-122:030 tóft óþekkt 66°10952N 23°28289V

Farið er eftir veginum að Minnibakka. Rétt áður en komið er að núverandi bæjarstæði eru tveir
grösugir hólar. Þessi er minni. Í túnjaðri Tveir grösugir hólar. Ógreglulegir.
Hættumat: engin hætta

ÍS-122:031 heimild útihús

Nákvæm staðsetning óviss en samkvæmt túnakorti á útihúsið að hafa staðið niður undan bænum. Sléttað tún.
Heimildir: Túnakort frá 1918.

ÍS-123 Breiðaból

Jarðýrleiki 24 hundruð og árið 1710 eru þar 3 ábúendur. Reka á jörðin með Minni - Bakka einnig notar jörðin fjárbeit og skipsuppsátur með Minni Bakka. (Á.M. VII.143). Um miðja 19. öld eru ábúendur 4. (Johns.197). [1363] Máld. Jónskirkju Skírara undir Gnúpi í Dýrafirði] ...tíund vætt í Breiðabóli í Skálavík DI III 330. [1378 Máld. Jónskirkju í Dýrafirði, Núpi] sama og ofan. DI III 274. [1509] „,þríar vættur skarprar skreidar úr skálavík hvert missere. Máld. Vatnsfjarðarkirkju. DI VIII 286. [10.öld] Hallvarður Súgandi nam land,„Skálavík að Stiga og reisti bú sitt þar. (Ísl.Sög. I bindi, 109.) 1. Mars 1910 féll mikið snjóflóð í Skálvík beint upp af Breiðabóli og varð mikill mannskaði. Öll tún Breiðabóls hafa verið sléttuð.

ÍS-123:001 bæjarhóll býli 66°010839N 23°027732V

Farið er eftir veginum inn í Skálavíkurdalinn. Framhjá Minna og Meira Hrauni, framhjá Kroppstöðum. Norðan Breiðabólsár stendur rétt við veginn, sunnan hans. Hvítt hús stendur á gamla bæjarstæðinu
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá þjóðminjasanfnsins


ÍS-123:002 *Hærrikross* örnefni landamerki 66°010834N 23°027732V

"Land Breiðabóls liggur fram á Skálavíkurheiði, og á heiðinni er Hærrikross, varða, þar sem skilur á milli Skálavíkur og Hlíðardals í Bolungarvík." [örnefnaskrá] "Á Skálavíkurheiðinni utanverðri er mikil steinvarða með fornum trékrossi, sem nefndur er Hærri-kross, og rétt fyrir

neðan heiðina utanvert er steinvarða, nokkru minni en á heiðinni með trékrossi. Hún er kölluð Lægri-kross. Víst er að þessi umbúnaður er æfaforn. Segja sumir, að hann megi rekja langt aftur í pápísku, og telja að Hærri kross hafi verið reistur litlu eftir jartein Guðmundar biskups. Síðar hafi Lægrikross verið við bætt." [Vestfirskar sagnir] Þar sem Skálavíkurheiðin er hæst, rétt áður en að farið er niður í Skálavík. Steinkross stendur nú þar sem gamli krossinn stóð áður

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins. Vestfirskar sagnir III. Bindi s.hl. Rvík. 1949.



Kort 7. Fornleifar í landi Breiðabóls.

ÍS-123:003 *Lægrikross* varða óþekkt

"Í miðjum dalnum er holt, sem heitir Lægrikross. Þar var svolítil varða sem gerð var við veginn mönnum til leiðbeiningar, þegar farið var um í byl." [örnefnaskrá] "Á Skálavíkurheiðinni utanverðri er mikil steinvarða með fornum trékrossi, sem nefndur er Hærri-kross, og rétt fyrir neðan heiðina utanvert er steinvarða, nokkru minni en á heiðinni með trékrossi. Hún er kölluð Lægri-kross. Víst er að þessi umbúnaður er æfaforn. Segja sumir, að hann megi rekja langt aftur í pápísku, og telja að Hærri kross hafi verið reistur litlu eftir jartein Guðmundar biskups. Síðar hafi Lægrikross verið við bætt." [Vestfirskar sagnir] Nákvæm staðsetning óviss.

Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins. Vestfirskar sagnir III. Bindi s.hl. Rvík. 1949.

ÍS-123:004 *Seltóftir* örnefni sel 66°010396N 23°026452V

"Fyrir heiman Ásbjarnarstein er mjög gamalt Sel. Þar sést enn fyrir tóftum, sem kallaðar voru Seltóftir." Norðan við Breiðabólsá, rétt norðan Kroppstaða. Rétt við veginn Grösugt svæði. Ógreinileg rúst
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-123:005 *Hærribær* örnefni bústaður 66°010953N 23°010944V

"Á Breiðabóli voru mörg býli. Hærribær hét einn bærinn. Hann fór í snjóflóð, sem féll í Skálavík 1. Marz 1910. Túnbletturinn kringum Hærribæ var kallaður Jóhönnutún eða Jóhönnustykki. Arahús var mitt á milli Jóhönntúns og Skriðholts og fór einnig í snjóflóðið. Araflöt var túnbletturinn kringum Arahús. Móhús eða Pálmahús stóð út og niður af Hærribænum. Pálmi hét sá, sem átti það. Stutt frá var Hólbær. Hann slapp alveg við snjóflóðið, en sperrur brotnuði í Móhúsi. Þrír bæir, Hólbær, Skemmubær og Neðribær stóðu rétt saman aðeins sund á milli þeirra."(ö-þjms) "Efst og næst fjallinu á svonefndum Breiðabólshrygg, var Hærribær. (Ársrit sög. 6) Grösug hlíð. Fjögur hólf sjást greinilega.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1961.

ÍS-123:006 *Arahús* örnefni bústaður 66°010872N 23°027256V

"Á Breiðabóli voru mörg býli. Hærribær hét einn bærinn. Hann fór í snjóflóð, sem féll í Skálavík 1. Marz 1910. Túnbletturinn kringum Hærribæ var kallaður Jóhönnutún eða Jóhönnustykki. Arahús var mitt á milli Jóhönntúns og Skriðholts og fór einnig í snjóflóðið. Araflöt var túnbletturinn kringum Arahús. Móhús eða Pálmahús stóð út og niður af Hærribænum. Pálmi hét sá, sem átti það. Stutt frá var Hólbær. Hann slapp alveg við snjóflóðið, en sperrur brotnuði í Móhúsi. Þrír bæir, Hólbær, Skemmubær og Neðribær stóðu rétt saman aðeins sund á milli þeirra." Rétt áður en komið er að Breiðabóli er lítil gróinn blettur í hlíðinni norðan vegarins. Grösugur túnblettur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1961.

ÍS-123:007 *Pálmahús* örnefni bústaður 66°010944N 23°027579V

"Á Breiðabóli voru mörg býli. Hærribær hét einn bærinn. Hann fór í snjóflóð, sem féll í Skálavík 1. Marz 1910. Túnbletturinn kringum Hærribæ var kallaður Jóhönnutún eða Jóhönnustykki. Arahús var mitt á milli Jóhönntúns og Skriðholts og fór einnig í snjóflóðið. Araflöt var túnbletturinn kringum Arahús. Móhús eða Pálmahús stóð út og niður af Hærribænum. Pálmi hét sá, sem átti það. Stutt frá var Hólbær. Hann slapp alveg við snjóflóðið, en sperrur brotnuði í Móhúsi. Þrír bæir, Hólbær, Skemmubær og Neðribær stóðu rétt saman aðeins sund á milli þeirra." Beint niður af Hærribæ. Grösug hlíð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1961.

ÍS-123:008 *Hólbær* örnefni bústaður

"Á Breiðabóli voru mörg býli. Hærribær hét einn bærinn. Hann fór í snjóflóð, sem féll í Skálavík 1. Marz 1910. Túnbletturinn kringum Hærribæ var kallaður Jóhönnutún eða Jóhönnustykki. Arahús var mitt á milli Jóhönntúns og Skriðholts og fór einnig í snjóflóðið.

Araflöt var túnbletturinn kringum Arahús. Móhús eða Pálmahús stóð út og niður af Hærribænum. Pálmi hét sá, sem átti það. Stutt frá var Hólbær. Hann slapp alveg við snjóflóðið, en sperrur brotnuði í Móhúsi. Þrír bæir, Hólbær, Skemmubær og Neðribær stóðu rétt saman aðeins sund á milli þeirra." Nákvæm staðsetning óviss.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1961.

ÍS-123:009 *Skemmubær* örnefni bústaður

"Á Breiðabóli voru mörg býli. Hærribær hét einn bærinn. Hann fór í snjóflóð, sem féll í Skálavík 1. Marz 1910. Túnbletturinn kringum Hærribæ var kallaður Jóhönnutún eða Jóhönnustykki. Arahús var mitt á milli Jóhönntúns og Skriðholts og fór einnig í snjóflóðið. Araflöt var túnbletturinn kringum Arahús. Móhús eða Pálmahús stóð út og niður af Hærribænum. Pálmi hét sá, sem átti það. Stutt frá var Hólbær. Hann slapp alveg við snjóflóðið, en sperrur brotnuði í Móhúsi. Þrír bæir, Hólbær, Skemmubær og Neðribær stóðu rétt saman aðeins sund á milli þeirra." Nákvæm staðsetning óviss.
Hættumat: Engin hætta.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1961.

ÍS-123:010 *Neðribær* örnefni bústaður

"Á Breiðabóli voru mörg býli. Hærribær hét einn bærinn. Hann fór í snjóflóð, sem féll í Skálavík 1. Marz 1910. Túnbletturinn kringum Hærribæ var kallaður Jóhönnutún eða Jóhönnustykki. Arahús var mitt á milli Jóhönntúns og Skriðholts og fór einnig í snjóflóðið. Araflöt var túnbletturinn kringum Arahús. Móhús eða Pálmahús stóð út og niður af Hærribænum. Pálmi hét sá, sem átti það. Stutt frá var Hólbær. Hann slapp alveg við snjóflóðið, en sperrur brotnuði í Móhúsi. Þrír bæir, Hólbær, Skemmubær og Neðribær stóðu rétt saman aðeins sund á milli þeirra." Nákvæm staðsetning óviss.
Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1961.

ÍS-123:011 *Fornibær* örnefni fjárhús

"Fornibær tilheyrði Breiðarbólspörtum. Þar stóðu fjárhús, langt frá bæ." Nákvæm staðsetning óviss.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-123:012 *Rétt* tóft rétt 66°010995N 23°027542V

"Undir Berjahjalla var gömul Rétt, sem líklega hefur verið stekkur." Beint upp af bænum, fyrir ofan Hærribæ upp við Breiðabólshrygg. Grýtt hlíð. Rústin er hlaðin úr grjóti og skeifulaga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins.

ÍS-123:013 tóft óþekkt 66°010911N 23°027796V

Farið er framhjá Breiðabóli. Rétt áður en komið er að sumarbústaðnum "Blómsturvöllum". Norðan vegarins. Grösug brekka. Ferhyrnd rúst.
Hættumat: engin hætta

ÍS-123:014 tóft kvíar 66°010889N 23°027669V

Rétt fyrir ofan Breiðabólsbæinn. Rétt norðan vegarins. Grösug brekka. Ferhyrnd rúst.
Hættumat: engin hætta

ÍS-123:015 *Dagmálasteinn* heimild eyktamark 66°010182N 23°026072V

"Þá taka við Hvol. Það eru grjóturðir með grasflesjum á milli. Uppi á Hvolnum er Dagmálasteinn, sem sést að heiman og var eyktamark." Þegar komið er niður af Skálavíkurheiðinni á hólum þar sem sést til Bæjarins. Norðan vegarins. Stór steinn.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-123:016 náma mógrafir 66°010473N 23°024844V

Þegar komið er móts við Minna og Meirahraun eru mógrafir sunnan vegarins. Norðan við bæjarstæði Minna og Meirahrauns. Mýri.
Hættumat: engin hætta

ÍS-123:017 tóft óþekkt 66°010835N 23°027615V

Rétt áður en komið er að Breiðabóli eru 4 tóftir nr. 17, 18, 19 og 20. Við veginn en norðan hans. Grösug brekka.Ferhyrnd tvíhólfa rúst.
Hættumat: engin hætta

ÍS-123:018 tóft óþekkt 66°010835N 23°027645V

Rétt áður en komið er að Breiðabóli eru 4 tóftir nr. 17, 18, 19 og 20. Við veginn en norðan hans. Grösug brekka. Óregluleg
Hættumat: engin hætta

ÍS-123:019 tóft óþekkt 66°010867N 23027618V

Rétt áður en komið er að Breiðabóli eru 4 tóftir nr. 17, 18, 19 og 20. Við veginn en norðan hans.Grösug brekka. Óregluleg
Hættumat: engin hætta

ÍS-123: 020 tóft óþekkt 66°010893N 23°027652V

Rétt áður en komið er að Breiðabóli eru 4 tóftir nr. 17, 18, 19 og 20. Við veginn en norðan hans. Grösug brekka.
Óregluleg
Hættumat: engin hætta

ÍS-123:021 náma mógrafir 66°010431N 23°026452V

Norðan Breiðabólsár. Móts við bæjarstæðið á Kroppstöðum. Mýri. Greinileg merki um móskurð á nokkrum stöðum.
Hættumat: engin hætta

ÍS-124 Kroppstaðir

Jarðýrleiki 3 hundurð. Árið 1710 er jörðin í eyði. Nægur mór en engjar litlar. (Á.M. VII.141) Um miðja 19. öld hefur svo jörðin byggst aftur. (Johns. 197). "Bærinn á Kroppstöðum stóð réttsjávarmegin við girðinguna kringum sumarbústaðinn á Kroppstöðum." [Örnefnaskr.] Tún Kroppstaða hafa ekki verið sléttuð. En sumarbústaður hefur verið reistur á bæjarstæðinu.

ÍS-124:001 *Kroppstaðir* bæjarhóll býli 66°10387N 2326691V

Farið er yfir Skálavíkurheiðina og þegar er komið er niður í Skálavík er á á vinstri hönd. Fyrst er komið að Meira og Minna Hrauni. Rétt norðvestan við Minna og Meirahraun við ána er sumarbústaður, þar stóðu Kroppstaðir áður. Bæjarhóllinn stendur suðvestanmegin við ána og er sumarbústaður byggður við hólinn.
Hættumat: hætta vegna rasks
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-124:002 tóftir óþekkt 66°10423N 2326980V


Norðvestan við bæjarhólinn niður við ána. Þýft og gróið svæði. Rústin er tvíhólfa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-124:003 tóftir óþekkt 66°10303N 23°26818V

Suðvestan við bæjarhólinn. Rústir nr. 3, 4 og 5 standa þar í þyrpingu Þýft og gróið svæði. Rústin er eitt hólf.
Hættumat: engin hætta

ÍS-124:004 tóftir óþekkt 66°10384N 23°26786V

Suðvestan við bæjarhólinn. Rústir nr. 3, 4 og 5 standa þar í þyrpingu. Þýft og gróið svæði. Rústirnar eru ógreinilegar. Sést móta fyrir 3 hólfum.
Hættumat: engin hætta



Kort 8. Fornleifar í landi Kroppstaða.

ÍS-124:005 náma mógrafir 66°10344N 23°26831V

Suðvestan við bæjarhólinn. Rústir nr. 3, 4 og 5 standa þar í þyrpingu. Þýft og gróið svæði.
Hættumat: Engin hætta.

ÍS-124:006 hús Fjárhús/hlaða 66°10384N 23°26786V

Sunnanmegin við bæjarhólinn. Rústir nr. 6,7,8 standa saman. Þýft og gróið svæði. Rústin er ferhyrnd og er skipt í 5 hólf. Tvö stærri eru sunnanmegin og er það fjárhús og hlaða. Norðanmegin eru 3 minni hólf.
Hættumat: engin hætta

ÍS-124:007 tóft óþekkt 66°10344N 23°26784V

Sunnanmegin við bæjarhólinn. Rústir nr. 6,7,8 standa saman. Þýft og gróið svæði. Rústin er tví hólfa.
Hættumat: engin hætta

ÍS-124:008 tóft óþekkt 66°10350N 23°26714V

Sunnanmegin við bæjarhólinn. Rústir nr. 6,7,8 standa saman. Þýft og gróið svæði. Rústin er tví hólfa.
Hættumat: engin hætta

ÍS-124:009 garðlag kartöflugarður 66°10345N 23°26709V

Sunnanmegin við bæjarhólinn rétt við hann. Þýft og gróið svæði. Rústin er ferhyrnd.
Hættumat: engin hætta

ÍS-125 Meirahraun

Jarðýrleiki 6 hundurð og einn ábúandi. (Á.M. VII.142) Tún hafa aldrei verið sléttuð.

ÍS-125:001 bæjarstæði bústaður 66°010245N 23°025849V

Þegar komið er yfir Skálavíkurheiðina er lítill dalur. Þegar komið er úr dalnum er Breiðabólsá og Hraunsá á vinstri hönd (sunnanmegin). Bæjarstæði Minna og Meirahrauns stóðu gengt hvorum öðrum, sitthvoru megin árinnar. Meirahraun sunnan hennar. Grösugt en þýft svæði sunnan árinnar. Síðasta húsið á Meirahrauni hefur verið steinsteypt og stendur grunnurinn eftir.
Hættumat: engin hætta

ÍS-125:002 *Seljalágar* örnefni sel


"Seljalágar heita graslautir frá Litladalsá og niður að Leiti. Þarna sá fyrir tóftum, og heitir þar Sel." Ekki sást til fornleifa.
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-125:003 *Heimrirétt* örnefni rétt 66°010165N 23°025791V

Skammt fyrir framan tún var svokölluð Heimrirétt, grjótrétt, sem enn sést. Önnur rétt, sem kölluð var. Fremrirétt var aðeins fyrir framan Bólhrygginn." Grösugt en þýft svæði Ferhyrnd grjóthlaðin rétt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-125:004 tóft óþekkt 66°010248N 23°026091V

Norðan við bæjarstæðið í u.þ.b. 200 m fjarlægð. Þýft svæði. Rústin er ferhyrnd.
Hættumat: engin hætta



Kort 9. Fornleifar í landi Minna og Meira Hrauns.

ÍS-125:005 tóft fjárhús 66°010224N 23°026140V

Norðan við bæjarstæðið í u.þ.b. 200 m fjarlægð. Vestan rústar nr. 4. Þýft svæði. Rústin er ferhyrnd.
Hættumat: engin hætta

ÍS-125:006 tóft óþekkt 66°010197N 23°026132V

Norðan við bæjarstæðið í u.þ.b. 200 m fjarlægð. Vestan rústar nr. 5. Ofar í hlíðinni. Þýft svæði. Rústin er ferhyrnd tvíhólfa.
Hættumat: engin hætta

ÍS-125:007 tóft útihús 66°010173N 23°026063V

Vestan við bæjarstæðið í u.þ.b. 100 m fjarlægð. 7 og 8 eru stutt frá hvort öðru. Þýft svæði. Ferhyrnd rúst með þrem hólfum.
Hættumat: engin hætta

ÍS-125:008 tóft útihús 66°010198N 23°025909V

Vestan við bæjarstæðið í u.þ.b. 100 m fjarlægð. 7 og 8 eru stutt frá hvort öðru. Þýft svæði.

Ferhyrnd rúst með tveim hólfum.
Hættumat: engin hætta

ÍS-125:009 garðlag túngarður 66°010206N 23°025827V

Suðaustan við bæjarstæðið við ána. Þýft svæði. Lítill garður óvíst um tilgang.
Hættumat: engin hætta

ÍS-125:010 tóft óþekkt 66°101123N 23°025477V

Farið er að sumarbústaðnum sem er sunnan við Meira og Minnahraun. Gengið er upp eftir ánni í
áttina að Hraunsdal. Þar sunnan árinnar er hleðsla. Grösugt svæði. Lítil óregluleg hleðsla.
Hættumat: engin hætta

ÍS-126 Minnahraun

Jarðýrleiki 3 hundurð. Einn ábúandi. (Á.M. VII. 142) Tún hafa aldrei verið sléttuð

ÍS-126:001 bæjarstæði býli 66°010311N 23°025762V

Minna Hraun eru norðaustan við ána alveg gengt Meirahrauni. Grösugt þýft svæði. Ferhyrnd rúst með fimm hólfum
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-126:002 *Lamhagi* örnefni stekkur

"Niðri við Hraunsá, neðan til við Holurnar, er Lamhagi... Smástekkur er í Lamhaga, þar sem lömb voru rekin inn."
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-126:003 *Sel* örnefni sel

"Þórðarenni er heiman til við Sel. Þar sjást enn seltóftir."
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-126:004 *Haugar* dys legstaður

"Þegar gengið er frá Minnahrauni fram í Meirihraunskika, er Svartfjall á vinstri hönd. Ef farið er fram Svarfjallsengi, eru svonefnd Haugatún á vinstri hönd. Þau eru nær Minnahraunsleiti en Svartfjallsengið. Þetta er grasflöt með nokkrum hólum upp úr, sem kallaðir eru Haugar. Þeir eru líklega fimm talsins. S.G. Hefur heyrt, að þar hafi átt að vera háður bardagi og einhverjir heygðir, sem þá féllu. Ebenezer Benediktsson á Ísafirði hefur heyrt þá sögn, að þarna eigi að hafa verið grafinn fornmaður og með honum gull og gersemar, og þar á að hafa sést vafurlogi."
Heimildir: Örnefnaskrá Þjóðminjasafnsins

ÍS-126:005	tóft	útihús	66°010186N	23°025771V

Farið er að sumarbústaðnum, síðan er gengið norður niður með ánni. Rétt áður en komið er að
rústum Minnahrauns er rúst niður við ána. Þýft svæði. Rústin er ferhyrnd, tvíhólfa.
Hættumat: engin hætta

ÍS-126:006	tóft	bústaður	66°010313N	23°025744V

Bæjarstæði Minna Hrauns stendur nyrst á svæðinu rétt sunnan þess eru tvær rústir 6 og 7. Þýft svæði. Rústin er ferhyrnd, þríhólfa
Hættumat: engin hætta

ÍS-126:007	tóft	óþekkt	66°010235N	23°025858V

Bæjarstæði Minna Hrauns stendur nyrst á svæðinu rétt sunnan þess eru tvær rústir 6 og 7. Þýft svæði. Óregluleg
Hættumat: engin hætta

ÍS-126:008	tóft	fjárhús	66°010281N	23°025845V

Norðvestan við bæjarstæðið nær ánni standa rústir nr. 8, 9 og 10. Þýft svæði. Ferhyrnd
Hættumat: engin hætta

ÍS-126:009	tóft	óþekkt	66°010281N	23°025839V

Norðvestan við bæjarstæðið nær ánni standa rústir nr. 8, 9 og 10. Þýft svæði. Ferhyrnd rúst.
Hættumat: engin hætta

ÍS-126:010	tóft	fjárhús	66°010306N	23°025808V

Norðvestan við bæjarstæðið nær ánni standa rústir nr. 8, 9 og 10. Þýft svæði. Rústin er tvíhólfa.
Hættumat:engin hætta

Tegundir og hlutverk minja í Skálavík

Í Bolungarvík hafa nú verið skráðar 309 minjar á 21 jörð. Í Skálavík voru skráðar 99 minjar á 6 jörðum. Meðaltal minjastaða á hverri jörð eru 15 en í Skálavík eru það 16. Við skráningu fornleifa er notast við tvennskonar flokkun minja. Í fyrsta lagi er flokkað eftir eðli fornleifanna, en með því er reynt að aðgreina á milli hvort á staðnum er mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið þar, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt

gildi. Innan hvers flokks er reynt að greina frekar eftir gerð.

Tafla 1. Tegundir

bæjarhóll	6	tóft	48
bæjarstæði	1	örnefni	29
dys	1	varða	1
garðlag	2		
heimild	4		
hús	1		
mannvirki			

Tafla 2. Hlutverk

bústaður	16	landamerki	1	stekkur	3
býli	6	legstaður	1	túngarður	1
eyktamark	1	lending	1	útihús	9
fjárhús	6	mógrafir	4	verbúð	10
fjárhús/hlaða	1	Öskuhaugur	1		
gangspil	2	óþekkt	27		
kartöflugarður	1	rétt	2		
kvíar	2	sel	4		

Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, stundum alveg frá landnámsöld. Bæjarhólar eru gerðir úr byggingarleifum og mannvistarlögum sem hlaðist hafa upp öldum saman og í þeim er mestra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs og eru þeir því langmikilvægasta tegnund fornleifastaða og er brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víðast hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Í Skálavík er enginn bæjarhóll sem ekki hefur orðið fyriri einhverjum skemmdum jafnvel þó svo að byggð hafi lagst þar af. Nú þegar líkur eru á að sumarbústaðabyggð í Skálavík aukist er brýnt að koma í veg fyrir að slík byggð raski þeim fornminjum sem eru í Skálavík.

Útihús

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihúsin dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, einnig hefur verið nokkuð af hesthúsum en lítið af fjósum. Flest fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsum og það skýrir að ekkert fjós var skráð í Skálavík Að vísu voru nokkuð margir staðir skráðir sem útihús en ekki var hægt að greina nánar hlutverk þeirra.

Hlöður urðu ekki algengar fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. Hey var víða geymt í stæðum eða gryfjum. 1 minjastaður var skráður í Skálavík sem fjárhús með áfastri hlöðu.

Kvíar og Stekkir

Í Skálavík voru 2 kvíar og 3 stekkir skráðir. Stekkir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar með litlu hólfi á einni hlið eða við enda. Kvíar vour yfirleitt nær bæjarhúsunum og oft í túnjaðri. Ekki hafa alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins verið ákveðin staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færikvíar notaðar einkum þegar komið var fram á þessa öld.

Sel

Alls voru 4 sel skráð á skráningarsvæðinu. Þess er sjaldnast getið í heimildum hve lengi var haft í seli, en oftast var seljabúskap hætt snemma á 19. öld. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum sem eiga land til fjalla eða afréttir.

Verstöðvar

Á þeim jörðum sem lágu að sjó voru lendingar og varir rétt við bæjarstæðin og var það kallað að róa úr heimavör eða heimræði. Þó svo að heimræðið hafi sennilega verið fyrst og fremst notað af ábúendum kom fyrir að bændur úr nágrenninu komu saman og réru úr heimavör eins bóndans. Eingöngu var um útræði að ræða frá Minni-Bakka en búast má við að aðrir bændur í dalnum hafi haft aðstöðu þar.

Önnur tegund útræðis var kallað útver en það var yfirleitt á stað þar sem að stutt var á miðin. Í útræðin söfnuðust bændur eða vinnumenn þeirra á vertíð. Heimildir benda til þess að útræðið í landi Minni-Bakka hafi í fyrstu verið slík verstöð og að menn hafi komið frá öðrum jörðum en í Skálavík.

Fiskveiðar bænda voru fyrst og fremst aukabúgrein við landbúnaðinn og gera má ráð fyrir að svo hafi verið frá upphafi. Það er ekki fyrr en á 14. og 15. öld er verslun hefst við erlenda menn að bændur fara að versla með fisk.

6. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Fjöldi minja á skráningarsvæðinu hefur eyðilagst eða skaddast af völdum framkvæmda eða náturunnar. Í Bolungarvíkurkaupstað hafa nokkrar jarðir alveg horfið vegna framkvæmda og líklegt er að jörðin Tröð muni hverfa vegna framkvæmda við snjóflóðamannvirki.

Á landinu öllu hefur dregið úr framkvæmdum í landbúnaði og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framfærslu og túnasléttu. Stórt hlutfall slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð.

Skógur eyðileggur ekki fornleifar á sama hátt og skurðgröftur. Trjárætur sprengja


hinsvegar vegghleðslur og afmynda rústir þannig að bæði verður erfitt að átta sig á þeim á yfirborði og kanna þær með uppgreftri. Hagsmunir skógræktar og minjavörslu geta vel farið saman. Fornleifar þekja aðeins brot af heildarflatarmáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst aðeins að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Bygging sumarbústaða getur valdið alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðir eru þekktir ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið gildi sumarbústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirra frekar en að þær séu fyrir framkvæmdum.


Skálavík er ákjósanleg sumarbústaðabyggð og eru þegar nokkrir bústaðir í dalnum. Sumarbústaðabyggðin hefur þegar valdið nokkrum spjöllum á fornminjum og er brýnt að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Margar minjar á svæðinu eru hvorki aðgengilegar eða sýnilegar, en full ástæða væri til að koma upplýsingum um þær á framfæri við ferðamenn og almenning og auka þannig gildi svæðisins. Þegar skipulögð eru útivistarsvæði, er sjálfsagt að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar áhugaverðar fyrir skólafólk eða ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda. Til að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðinn á vettvangi, merkja hann svo fólk viti hvar staðurinn er og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegar á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum.


Teikningar




Teikn. 1. Rústir í landi Meiribakka.




Teikn.2. Rústir í landi Minnibakka.




Teikn.3. Rústir í landi Breiðabóls.



Teikn.4. Rústir í landi Kroppstaða.



Teikn.5. Rústir í landi Meirahrauns.



Teikn.6. Rústir í landi Minnahrauns

Heimildarskrá

Diplomatarium Islandicum I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1957-1972.
Íslendingasögur, I, Reykjavík 1953.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1943.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, VII., Kaupmannahöfn 1943.
Örnefnaskrár Minnibakka, Meiribakka, Breiðabóls, Kroppstaða, Minnahrauns og Meirahrauns.

Mynda og Kortaskrá

Kort 1. Rannsóknarsvæðið.....5
Kort 2. Helstu örnefni í Skálavík.....7
Kort 3. Jarðir í Skálavík.....9
Kort 4. Landamerki.....10
Kort 5. Fornleifar í landi Meiribakka.....11
Kort 6. Fornleifar í landi Minnibakka.....14
Kort 7. Fornleifar í landi Breiðabóls.....20
Kort 8. Fornleifar í landi Kroppstaða.....25
Kort 9. Fornleifar í landi Meira og Minnahrauns.....27

Teikn. 1. Rústir í landi Meiribakka.....34
Teikn. 2. Rústir í landi Minnibakka.....35
Teikn. 3. Rústir í landi Breiðabóls.....36
Teikn. 4. Rústir í landi Kroppstaða.....37
Teikn. 5. Rústir í landi Meirahrauns.....38
Teikn. 6. Rústir í landi Minnahrauns.....39